



# Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7  
370 Búðardal  
www.gladur.is

## Stjórnarfundur 12. febrúar 2013

*Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:*

Fundur í stjórn Glaðs haldinn í Brekkuhvammi 8, 12. febrúar 2013.

1. Undirbúningur vegna fjórðungsmóts er kominn í gang, Svala fór sem fulltrúi Glaðs á fyrsta fund. Eypór og Heiðrún Sandra fulltrúar Glaðs í undirbúningsnefnd komust ekki. Mótið verður með svipuðu sniði og síðast. Glaður sjái um tölvumál á mótinu. Glaðsfélagar koma inn með vinnuframlag þegar nær dregur.
2. Vesturlandssýning haldin í Borgarnesi 23. mars. Svala er fulltrúi Glaðs í undirbúningsnefnd. Spurning hvort innkoma muni skiptast eitthvað niður á félögin, og eða hvort fái styrki vinnuframlags og ferða? Athuga hvort þátttaka í mótinu frá Glað. Hugsanlega atriði með börnum og fullorðnum.
3. Rætt um reiðnámskeið, mikil þátttaka í helgarnámskeiðum hjá Sjöfn. Skjöldur Orri byrjar uppúr 20. febrúar með vikuleg námskeið.
4. Formannafundur U.D.N fór fram 5. febrúar. Lottótekjur Glaðs 264.577, reglur að skipt hlutfallslega m.v. félagatal. Rætt um reglur við úthlutun.
5. U.D.N þing eru haldin árlega, nú er komið að Glað að halda þingið, dagsetning um 19. mars frá kl. 18-21, félagið bjóði uppá veitingar, ath. að fá Leifsbúð undir þingið og panta veitingar, mæting gæti orðið um 30 manns, ath. hvað marga fulltrúa Glaður sendir. Leggja metnað í að halda þingið.
6. Rædd kosning íþróttamanns ársins hjá U.D.N., skilafrestur til 15. febrúar. Gengið frá kjörseðli.
7. Valberg Sigfússon kosinn knapi ársins hjá Glað.
8. Reiðvegaframkvæmdir, unnið hefur verið við reiðveginn fyrir ofan Saura og Ás. Haldið verður áfram framkvæmdum reiðvega með Vestfjarðavegi. Sækja þarf um í reiðvegasjóð fyrir 28. febrúar. Drög að áætlun liggur fyrir.
9. Ákveðin dagsetning aðalfundar Glaðs 3. apríl.
10. Fræðslunefnd er að störfum og margar hugmyndir í gangi m.a. að fara hópferð á sýninguna Æskan og hesturinn í Reykjavík. Rætt um að Glaður styrki þá ferð með niðurgreðslu ferðakostnaðar.
11. Hugmynd að halda einhverskonar uppskeruhátíð Glaðs, ýta við skemmtinefnd hvað það varðar. Glaður er 85 ára í ár.

Fleira ekki rætt, fundi slitið,

*Gyða Lúðvíksdóttir, ritari*